

Til aðila í nytjaskógrækt

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu reglum um virðisaukaskatt í nytjaskógrækt samkvæmt reglugerðum um framtal og skil á virðisaukaskatti nr. 667/1995, með áorðnum breytingum og um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila nr. 515/1996, með áorðnum breytingum.

Almennt

Í reglugerð um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila er m.a. mælt fyrir um tvenns konar skráningu á virðisaukaskattsskrá, þ.e. almenna skráningu og skráningu gegn tryggingu. Almenna skráningin er skyldubundin en skráning gegn tryggingu byggir á heimild.

Ákvæði um almenna skráningu byggja á almennum sjónarmiðum virðisaukaskattslaga um virðisaukaskattsskyldu, þ.e. um sé að ræða virðisaukaskattsskyldan aðila sem stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi sem skilar tekjum og hagnaði innan skamms tíma.

Aðili sem gerir samning um nytjaskógrækt á tilteknu landi við Héraðsskóga, Skógrækt ríkisins eða Suðurlandsskóga eða skv. lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni getur sótt um og hlotið skráningu gegn tryggingu uns almenn skráning telst tæk, enda miði starfsemi hans á landinu að því að koma upp skógi til þess að nytja hann síðar til virðisaukaskattsskyldra viðskipta, t.d. sölu viðar og/eða trjáa, með þeim hætti að hagnaður verði af starfsemi. Ræktun skjólbelta til verndar nytjaskógi telst þáttur í nytjaskógrækt aðila en slíkt ræktun í þágu landbúnaðar t.d. túnræktar, telst þáttur í landbúnaði aðila. Ræktun í fegurðar- eða tómstundaskyni er ekki virðisaukaskattsskyld. Slík starfsemi fæst ekki skráð.

Trygging

Almenna reglan um form tryggingar er skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð banka.

Vegna eðlis nytjaskógræktar hafa sérstakar reglur um að aðilar í þeirri starfsgrein geti sett annars konar tryggingu og er henni fyrst og fremst ætlað að tryggja að ríkisskattstjóra berist upplýsingar um breytt not landsins þannig að hann geti gengið úr skugga um hvort skylda til útskötunar og/eða leiðréttingar innskatts að hluta eða öllu hafi stofnast.

Þinglýstir samningar um nytjaskógrækt við Héraðsskóga, Skógrækt ríkisins eða Suðurlandsskóga eru teknir sem fullnægjandi trygging af eftirgreindum ástæðum:

- **Eldri samningar** Héraðsskógar og Skógrækt ríkisins hafa tekið að sér það hlutverk, vegna eldri samninga, að tilkynna ríkisskattstjóra ef notkun hins samningsbundna lands er breytt eða nýrri eignarheimild eða leigusamning

um landið er þinglýst. Með eldri samningum er átt við samninga um nytjaskógrækt við Héraðsskóga eða Skógrækt ríkisins sem þinglýst er til og með 31. ágúst 1997.

- **Yngri samningar** Yngri samningar þ.m.t. viðbótar-, endurnýjunar- eða framhalds-samningar, munu innihalda kvöð um að tilkynna beri ríkisskattstjóra um það áður en notkun samningsbundins lands er breytt eða eignarheimild eða leigusamningi er þinglýst.

Með yngri samningum er átt við samninga um nytjaskógrækt við Héraðsskóga eða Skógrækt ríkisins sem þinglýst er frá og með 1. september 1997. Jafnframt er átt við samninga um nytjaskógrækt við Suðurlandsskóga. Innihalda í raun ekki viðirsaukaskattsskyldu=> kvöð á að útbúa á eyðublaði RSK 10.30.

Sérstakt virðisaukaskattsnúmer

Þeir sem skráðir eru gegn tryggingu, þ.m.t. aðilar í nytjaskógrækt, skulu skila sérstakri virðisaukaskattsskýrslu vegna þeirrar starfsemi, jafnvel þótt þeir hafi með höndum aðra virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Aðilum í nytjaskógrækt ber því að hafa sérstakt virðisaukaskattsnúmer vegna þeirrar starfsgreinar og gæta bókhaldslegrar aðgreiningar frá annarri atvinnustarfsemi, sé hún fyrir hendi.

Skilamáti – forsendubreyting

Samkvæmt reglugerð um framtal og skil á virðisaukaskatti er uppgjörstímabil aðila í nytjaskógrækt sex mánuðir (janúar til og með júní og júlí til og með desember) og gjalddagi 1. september ár hvert vegna viðskipta á fyrri hluta árs og 1. mars vegna viðskipta á seinni hluta næstliðins árs, enda sé sala á virðisaukaskattsskyldri vöru eða þjónustu lægri en 3.000.000 kr. á almannaksári.

Fari sala aðila í nytjaskógrækt umfram þau mörk skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á viðkomandi uppgjörstímabili.

Pegar sala nytjaskógræktaraðila á skattsskyldri vöru eða þjónustu nær 3.000.000 kr. á almannaksári er m.ö.o. forsenda sex mánaða skilamátans ekki lengur fyrir hendi. Vegna þeirrar forsendubreytingar skal aðili útfylla og skila

leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26), ásamt greiðslu, á gjalddaga þess tveggja mánaða uppgjörstímabils sem forsendubreytingin var á. Í skýrslunni skal sundurliða virðisaukaksatt eftir þeim tveggja mánaða tímabilum, þ.m.t. skal gerð grein fyrir öllum virðisaukaskatti tveggja mánaða tímabilsins sem forsendan breyttist á. Skilamáti nytjaskógræktaraðilans breyttist úr sex mánaða skilum í tveggja mánaða skil frá og með því tveggja mánaða tímabili sem næst er á eftir því tímabili sem veltumarkinu var náð á.

Starsemi hætt og/eða forsendur breytast eða bregðast

Eins og fram kom undir 1. lið að framan eiga nytjaskógræktaraðilar rétt á skráningu gegn tryggingu. Á þeim grundvelli getur aðili fengið innskatt af aðföngum sem eingöngu eru notuð til nytjaskógræktarinnar. Forsendur skráningar eru að samningsbundið land verði nýtt til virðisaukaskattsskyldrar starfsemi hans eða virðisaukaskattreglum fullnægt með öðrum hætti, t.d. sölu landsins til aðila sem getur yfirtekið kvöð um leiðréttingu innskatts og gerir það.

Tilkynni aðili sig út af skrá eða sé hann tekinn af skrá á grundvelli úrskurðar ríkisskattstjóra skal hann útskatta rekstarfjármuni eins og nánar greinir í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um skráningu virðisaukaskattsskylda aðila og 11. gr. reglugerðar um innskatt, nr. 192/1993, með áorðnum breytingum.

Verði við lok starfsemi breytinga á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna varanlegra rekstrarfjármuna skal aðili leiðrétta innskatt í samræmi við IV. kafla reglugerðar um innskatt, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Í tíu ár frá því að innskattur myndaðist hvílir skylda til leiðréttingar innskatts, ef for-

sendur fyrir innskattsfrádrætti breytast, sbr. IV. kafla reglugerðar um innskatts.

Endurgreiðsla samkvæmt þessum reglum skal vera í hlutfalli við það sem eftir er af fyrningartíma (tíu árum) að teknu tilliti til byggingarvísitölu. Það getur m.a. talist vera breyting á innskattsfrádrætti nytjaskógræktaraðila ef hann hættir starfsemi. Verði tjón á skóglendi af völdum náttúruhamfara eða annarra ófyrirséðra atvika sem ekki verða rakin til nytjaskógræktaraðila og landið af þeim sökum ónýtanlegt telst það ekki vera breyting á forsendum innskattsfrádráttar.

Ef nytjaskógræktaraðili bregst forsendum skráningar skal hann endurgreiða að fullu þann innskatt sem hann hefur fengið afgreiddan á grundvelli skráningarinnar, framreiknaðan samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 3. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Dæmi um slíkt er sala landsins á þess að þar til bær nýr eigandi yfirtaki kvöð um leiðréttingu innskatts eða önnur breytt not landsins þannig að innskattsfrádráttarréttur nytjaskógræktaraðila minnkar eða fellur niður, s.s. leiga samningsbundins lands undir sumarbústaði.

Skráning – umsókn

Þeir sem ekki eru á virðisaukaskattsskrá vegna nytjaskógræktar en æskja slíkrar skráningar skulu óska hennar á eyðublaði RSK 5.02. Einnig þarf að skila þinglýstum samningi um nytjaskórækt svo og þinglýstri vsk-kvöð á landinu (eyðublað RSK 10.30). Ef þinglýstur samningur um nytjaskógrækt liggur ekki fyrir þá þarf að láta staðfestingu viðsejanda á tilvist munlegs samnings fylgja.

Breytingar á skráðri starfsemi, þ.m.t. viðbótar-, endurnýjunar- eða framhaldssamningar, skal einnig tilkynna á eyðublaði RSK 5.02.

Nánari upplýsingar í síma 442-1000

**VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA
RÍKISSKATTSTJÓRA**